

REGLUR
um breytingu á reglum nr. 156/2003, um rannsóknarnám
við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Við 1. gr. reglnanna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er að fela sérstakri námsnefnd að fara með málefni náms á tiltekinni námsleið skv. reglum þessum. Sé þessi heimild nýtt skulu umboð og verkefni námsnefndar bókuð í fundargerð deildarfundar.

2. gr.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. reglnanna koma tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Heimilt er að binda inntöku í námið við að fyrir liggi yfirlýsing vinnuveitanda nemandans um samþykki við því að nemandinn stundi námið samhliða starfi.

Umsækjendur um starfstengt meistaranám í félagsráðgjöf skulu hafa lokið starfsréttindanámi í félagsráðgjöf og búa yfir starfsreynslu skv. nánari ákvörðun deildar.

3. gr.

Fyrsti málsliður 5. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Meistaránám og hliðstætt nám við félagsvísindadeild er 60e - fjögur misseri - eða tvö ár. Starfstengt meistaranám getur þó verið 45e samkvæmt nánari ákvörðun deildar, enda búi nemendur sem stunda slíkt nám yfir reynslu og þekkingu sem jafna megi til hagnýtrar þjálfunar sbr. 1. mgr. 6. gr. reglnanna.

4. gr.

Við upptalningu lærdómstitla á meistarástigi í 17. gr. reglnanna bætist: *Master of Social Work* (MSW).

5. gr.

Reglur þessar, sem hlotið hafa staðfestingu háskólaráðs að tillögu félagsvísindadeildar, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands og 68. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 7. nóvember 2003.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.